

25. maí 2017.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ

Gjaldfrjáls skóli – Mál 1508512

Umræða um gjaldfrjálsan grunnskóla er hluti samfélagsumræðu um skólamála. Að skilningi laga er heimilt að nemendur beri ákveðinn kostnað en annað skal vera frítt, t.d. nám, vettvangsferðir og kennslugögnin sjálf. Sú umræða hefur komið fram, m.a. frá Barnaheill og Velferðarvaktinni, að nám í grunnskóla eigi ekki að fela í sér neinn kostnað fyrir nemendur því það geti verið spurning um jafnræði og rétt nemenda til náms. Fátækt á Íslandi sé til staðar og kostnaður af grunnskólagöngu er byrði fyrir fátækar fjölskyldur, jafnvel íþyngjandi. Svo leita skuli leiða til að hafa grunnskólann gjaldfrjálsan. Út frá því sjónarmiði hefur farið fram umræða í fræðsluráði um málið sem er eftirfarandi:

Fræðsluráð 26. ágúst 2015.

Fræðsluráð hvetur til umræðu um þessi mál og að leitað verði leiða til að draga úr kostnaði foreldra við kaup á skólagögnum barna sinna.

Fræðslusvið taki saman upplýsingar frá skólum sem farið hafa aðrar leiðir í þessum efnum og hvernig framkvæmd og reynsla sé af því fyrirkomulagi. Mikilvægt er að hafa til hliðsjónar umhverfissjónarmið með það markmið að tvinna saman betri nýtingu skólagagna og betra aðgengi barnanna að þeim búnaði sem þarf til náms.

Fræðsluráð 24. ágúst 2016

Fræðsluráð fagnar umræðu um fyrirkomulag við innkaup á námsgögnum barna. Lagðar fram upplýsingar frá grunnskólum bæjarins um hvaða leiðir eru farnar við gerð innkaupalista og hvort leitað hafi verið leiða til að draga úr kostnaði foreldra við kaup á skólagögnum barna sinna.

Fræðsluráð fagnar frumkvæði Foreldraráðs Hafnarfjarðar um endurnýtingu námsgagna undir yfirskrift áttaksins „Gefðu skólalaginu framhaldslíf“ sem nú stendur yfir. Nytjamarkaði hefur verið komið upp í verslunarmiðstöðinni Firði þar sem endurnýting námsgagna fer fram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafa þá sameiginlegu stefnu að unnið verði að því markvisst við að gera grunnskólann raunverulega gjaldfrjálstan og að skólarnir sjái nemendum sínum fyrir ritföngum og öðrum nauðsynjum sem teljast hluti af almennri skólasókn íslenskra barna án endurgjalds. Eðlilegt er að öll útgjöld vegna reksturs grunnskóla séu fjármögnuð í gegnum sameiginlega sjóði og þannig tryggt að öll þjónusta þeirra sé í boði án tillits til efnahags. Núverandi fyrirkomulag leiðir óhjákvæmilega til aðstöðumunar milli barna og það eigum við sem samfélag ekki að sætta okkur við.

Lögð er fram svohljóðandi tillaga: Leggjum við því til að sett verði af stað markviss vinna sem hafi það að markmiði að tryggja gjaldfrjálstan grunnskóla frá árinu 2018, sem m.a. miði að því að ekki verði greitt sérstaklega fyrir það sem í dag er skilgreind sem valkvæð þjónustan en í reynd löngu orðin almenn og órjúfanlegur hluti af skólastarfinu, s.s. ritföng og skólamaturla. Með þessu verði gerð tilraun til að uppfylla anda grunnskólalaganna, um að grunnskóli sé með öllu gjaldfrjálstan og tryggja raunverulegan jöfnuð íslenskra grunnskólabarna.

Fræðsluráð 21. september 2016

Fræðsluráð samþykkir að óska eftir sundurliðaðri kostnaðargreiningu frá sviðstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu á því hver útgjöld bæjarins gætu orðið ef grunnskólinn yrði alveg gjaldfrjálstan. Þá er átt við hver kostnaður bæjarins gæti orðið við innkaup og umsýslu vegna námsgagna til persónulegra nota sem er kostnaður sem núna fellur á barnafjölskyldur. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hver kostnaður bæjarins verður ef sveitarfélagið greiðir fæði á skólatíma fyrir öll börn í grunnskólum bæjarins og um annan kostnað sem fellur á fjölskyldur í dag eins og t.d. námsferðir og önnur hugsanleg gjöld sem grunnskólinn innheimtir. Niðurstöður þessarar greiningar munu liggja til grundvallar tillögum til lækkunar útgjalda foreldra vegna skólagöngu grunnskólabarna í bænum frá og með haustinu 2018. Upplýsingarnar skulu því liggja fyrir tímanlega fyrir vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Kostnaði nemenda í grunnskólanámi má skipta í nokkra hluta, m.a. þessa:

- Skólataska og skólafatnaður (Áslandsskóli er t.d. með skólabúning).
- Íþróttaföt (íþróttakennsla s.s. buxur, bolur og skór, og sundkennsla, s.s. sundskýla/-bolur og gleraugu)
- Ritföng (blöð, blýantar, litir, skæri, möppur, stílabækur, reiknivélar, sirklar, heyrnartól, pennaveski o.þ.h.)
- Matarkostnaður (hádegismatur, síðdegishressing í frístundaheimili)

Í umræðunni undanfarið hefur helst verið talað um að greiða fyrir ritföng nemenda og jafnvel matarkostnað.

Samantekt


Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar hefur leitað til grunnskólanna til að átta sig hver kostnaður er varðandi ritfangakaup nemenda. Flestir skólanna, eða sex af sjö, ætla nemendum sjálfum að kaupa ritföng og gefa út lista yfir nauðsynleg skólagögn sem hver nemandi þarf að hafa í skólanum. Þetta er mismunandi eftir aldri nemenda og skólum. Skólarnir kynna umrædda lista yfirleitt á vefjum sínum og voru þetta listar skólanna fyrir skólaárið 2016-2017:

- Áslandsskóli: <http://www.aslandsskoli.is/nemendur/bekkjarstarf/innkaupalistar/>
- Hraunvallaskóli: <http://www.hraunvallaskoli.is/nam-og-kennsla/innkaupalistar/>
- Hvaleyrarskóli: Skólinn keypti ritföng og endurseldi foreldrum
- Lækjarskóli: <http://www.laekjarskoli.is/skolinn/almennar-upplýsingar/innkaupalistar/>
- Setbergsskóli: <http://www.setbergsskoli.is/nam-og-kennsla/innkaupalistar/>
- Víðistaðaskóli: <http://www.vidistadaskoli.is/nam-og-kennsla/innkaupalistar/>
- Öldutúnsskóli: <http://www.oldutunsskoli.is/nam-og-kennsla/ritfangalistar/>

Einn skóli, Hvaleyrarskóli, keypti bækur fyrir alla nemendur og í Víðistaðaskóla var keypt fyrir 1. bekk. Foreldrar greiða síðan til skólanna umræddan útlagðan kostnað skólanna. Kostnaður var sem hér segir á barn: Hvaleyrarskóli: Yngsta deildin greiddi 8.500 kr., miðdeildin 5.200 kr. og elsta deildin 5.700 kr. og í Víðistaðaskóla 1. bekkur kr. 6.000.

Hvað kosta þá ritföngin fyrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði á einu skólaári? Það er erfitt að gefa út nákvæma tölu en ef innheimtur kostnaður í Hvaleyrarskóla er yfirfærður á alla nemendur í grunnskólum bæjarins er heildarkostnaður nálægt *26 milljónum* á ársgrundvelli. Erfitt er að átta sig á því hvort kostnaður yrði í reynd meiri eða minni en hann ætti að gefa einhverja mynd af kostnaði sem snýr að ritföngum eingöngu. Þetta er aðeins einn hluti kostnaðarins miðað við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllt,


Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla